



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

# ÁRANGURSSKÝRSLA 2012

MAÍ 2013





# EFNISYFIRLIT

<b>1.0 INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>2.0 VÍDDIR STARFSEMINNAR</b> .....	<b>4</b>
<b>3.0 ÞJÓNUSTA</b> .....	<b>5</b>
<b>3.1 Mælikvarðar</b> .....	<b>5</b>
3.1.1 Fjöldi fréttar á vef FSR.....	5
3.1.2 Verkfundagerðir á verkefnavef .....	5
3.1.3 Hlutfall fjárhagsyfirlita yfirfarið og sent til verkkaupa .....	6
3.1.4 Staðalform (sniðmát)verklýsinga gert og sett á vef FSR .....	6
3.1.5 Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar (að fráðregnum viðbótarverkum) er innan við 5% af áætlun .....	6
<b>4.0 FJÁRMÁL FSR</b> .....	<b>7</b>
<b>4.1 Mælikvarðar</b> .....	<b>7</b>
4.1.1 Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd í umsjón FSR ....	7
4.1.2 Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu .....	7
4.1.3 Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu.....	7
4.1.4 Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun .....	8
<b>5.0 INNRA STARF</b> .....	<b>9</b>
<b>5.1 Mælikvarðar</b> .....	<b>9</b>
5.1.1 Gæðastjórnunarkerfi FSR vottað .....	9
5.1.2 Að auka innkaup í gegnum rammasamninga .....	9
5.1.3 Samanlagður fjöldi fréttar á fréttaveitu og fréttar frá starfsmannafélaginu Auðvitað.....	10
5.1.4 Fjöldi fundargerða faghópa á Verkefnavefnum.....	10
<b>6.0 MANNAUÐUR</b> .....	<b>11</b>
<b>6.1 Mælikvarðar</b> .....	<b>11</b>
6.1.1 Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda .....	11
6.1.2 Fræðslufundur um öryggismál.....	11
6.1.3 Hlutfall starfsmanna sem sótt hefur sér símenntun á árinu.....	11
6.1.4 Fundir með verkefnastjórum um framkvæmd og eftirfylgni öryggisáætlana .....	12
<b>7.0 FRUMKVÆÐI</b> .....	<b>13</b>
<b>7.1 Mælikvarðar</b> .....	<b>13</b>
7.1.1 Gerð flæðirit og stöðluð form fyrir frumathuganir .....	14
7.1.2 Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum .....	14
7.1.3 Öryggisfulltrúi FSR kannar framfylgni öryggisreglna á verkstöðum .....	14
7.1.4 Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR.....	14
7.1.5 Innleiðing BIM.....	15
7.1.7 ÖHU áætlanir í verkum.....	15
7.1.8 Gæðabókhald hönnuða og verktaka.....	15
7.1.9 Kynning fyrir samstarfsaðilum. ....	15
7.1.10 Markmið FSR um slysalausa vinnustaði kynnt fyrir SI.....	16

---

7.1.11 Fjöldi verka á Verkefnavef .....	16
7.1.12 Árlegt hlutfall verkefna í umhverfissvottunarferli .....	16
7.1.13 Minnkuð orkunotkun .....	16
<b>8.0 Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2012 .....</b>	<b>17</b>
8.1 Laun .....	17
8.2 Ferðir og fundir .....	18
8.3 Almennar rekstrarvörur .....	18
8.4 Aðkeypt þjónusta .....	18
8.5 Húsnæði .....	18
8.6 Bifreiðar og vélar .....	18
8.7 Vextir, skattar og afskriftir .....	18
8.8 Eignakaup .....	18
8.9 Tekjur .....	18
8.10 Niðurstaða ársins .....	18

## 1.0 INNGANGUR

Framkvæmdasýsla ríkisins vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem byggir á alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001. Gæðastjórnunarkerfið var vottað í október 2012 en allt frá árinu 2003 hefur Framkvæmdasýslan unnið í anda gæðastjórnunar, eins og hún er sett fram í ISO 9001. Í október 2004 tók Framkvæmdasýslan upp aðferðafræði samhæfðs árangursmats sem hluta af gæðastjórnun sinni og í tengslum við það hafa verið sett upp stefnukort og skorkort fyrir stofnunina.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir árangri Framkvæmdasýslunnar á árinu 2012, bæði hvað varðar þjónustu, fjármál, innra starf, mannauð og frumkvæði, og er það meðal annars gert með því að birta og fjalla um niðurstöður mælinga á mælikvörðum í skorkortinu. Hver vídd starfseminnar fær umfjöllun í sérstökum kafla og í síðasta kaflanum er farið yfir hvernig rekstraráætlun ársins 2012 stóðst, með því að bera saman áætlun og rauntölur.

## 2.0 VÍDDIR STARFSEMINNAR

Starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins hefur verið flokkuð niður í fimm víddir: Þjónusta, Fjármál FSR, Innra starf, Starfsmenn og Frumkvæði. Hugmyndin er sú að í hverri vídd sé tekið á áhersluatriðum sem stofnunin hefur sett fram á viðkomandi sviði.

Samkvæmt aðferðafræði samhæfðs árangursmats eru innan hversrar víddar sett fram yfirmarkmið, markmið og mælikvarðar sem tengjast þeirri starfsemi eða áherslum sem hver vídd skilgreinir.

Fjallað verður um hverja vídd fyrir sig í þeim köflum sem hér fara á eftir. Tekin verða fyrir þau verkefni og áhersluatriði sem tilheyra víddinni, ásamt þeim markmiðum og mælikvörðum sem þar eru sett fram.

Í hverjum kafla er sýnd skjámynd af niðurstöðum skorkortsins til frekari skýringar.


VÍDDIR	A <u>Þjónusta</u>	▶ A.1: <u>Veita viðskiptavinum góða þjónustu</u> ▶ A.2: <u>Viðhalda faðlegum vinnubrögðum</u>
	B <u>Fjármál</u>	▲ B.1: <u>Viðhafa markvissa stýringu fjármuna</u> ▲ B.2: <u>Halda fjármálum innan ramma áætlana</u>
	C <u>Innra starf</u>	▲ C.1: <u>Hafa vel skilgreinda og skjalfesta verkferla</u> ▶ C.2: <u>Hafa markvissa og áreiðanlega upplýsingamiðlun</u>
	D <u>Mannauður</u>	▲ D.1: <u>Hafa hæft starfsfólk hjá FSR</u> ▶ D.2: <u>Viðhalda góðri og öfluqri sérþekkingu</u>
	E <u>Frumkvæði</u>	▲ E.1: <u>Stuðla að vönduðum undirbúningi framkvæmda</u> ▼ E.2: <u>Stuðla að þróun ráðgjafa- og verktakamarkaðar</u> ▼ E.3: <u>Sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni</u> ▶ E.4: <u>Stuðla að qerð og útgáfu viðmiðana.</u>

Skorkort: Skjámynd af inngangssíðu Skorkorts FSR árið 2012. Sjá má víddir og yfirmarkmið.

## 3.0 ÞJÓNUSTA

### 3.1 Mælikvarðar

Hér er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir þjónustuvíddina árið 2012. Síðan er fjallað um hvern mælikvarða og stöðu hans í lok ársins.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2012. Þjónustuvídd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

#### 3.1.1 Fjöldi fréttar á vef FSR

FSR er þjónustustofnun og mikilvægt að hún miðli sem bestum upplýsingum um starfsemi sína til viðskiptavina sinna og almennings. Mælikvarðinn mælir fjölda birtra fréttar á vef FSR og var gert ráð fyrir 40 fréttum yfir árið. Séu fréttir færri en 39 verður mælikvarðinn á gulu svæði og verði fréttir færri en 30 verður mælikvarðinn rauður.

Niðurstaða mælinga var að um miðjan desember höfðu verið skrifaðar 42 fréttir sem gefur grænt svæði.



#### 3.1.2 Verkfundagerðir á verkefnavef

Framkvæmdasýslan leggur áherslu sem þjónustuaðili á að fulltrúar ráðuneytanna og stofnana þeirra hafi ávallt réttar upplýsingar um stöðu þeirra verkefna sem FSR er með í vinnslu fyrir þau hverju sinni. Til að tryggja góða miðlun upplýsinga um gang verka til viðskiptavina skal vista verkfundagerðir á verkefnavef og stefnt að 2 verkfundagerðum á mánuði í hverju verki.

Þessi mælikvarði er skoðaður ársfjórðungslega. Ef markmiðið næst í 80% eða fleiri verka þá næst grænn litur, í yfir 65% þá næst gulur litur. Færri er rauður.

Ekki fengust upplýsingar frá verkefnastjórum um þetta atriði 2012 en árið 2013 verður lögð áhersla á að fylgja því eftir að fundargerðir verkfunda verði vistaðar á verkefnavef.



### 3.1.3 Hlutfall fjárhagsyfirlita yfirfarið og sent til verkkaupa

Þessi mælikvarði gerir ráð fyrir að kostnaðaráætlanir séu yfirfarnar mánaðarlega og fjárhagsyfirlitin uppfærð, þar sem það á við. Mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári.

Í lok reikningagerðar skal senda yfirlit með tölvupósti, þau sett inn á verkefnavef FSR eða með öðrum sannanlegum hætti komið til verkkaupa. Eftir að verkframkvæmd lýkur og þar til skilamati er lokið er ekki ástæða til að gefa út fjárhagsyfirlit.

Markmiðið er 100%. 5% frávik gefa grænan lit, 10% frávik gefa gult. Meira en 10% frávik gefur rauðan lit.

Á árinu 2012 gaf mæling á fyrri hluta árs 85% sem gefur rautt en mæling síðari hluta árs gaf 97% og er litur þeirrar mælingar grænn.

### 3.1.4 Staðalform (sniðmát)verklýsinga gert og sett á vef FSR

Þegar mælt var um miðjan desember 2012 lá fyrir tillaga að staðalformi verklýsinga frá faghópi. Mælikvarði ársins er grænn.


### 3.1.5 Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar (að frádragnum viðbótarverkum) er innan við 5% af áætlun

Þegar skilamat hefur verið gefið út fyrir ákveðið verk er raunkostnaðurinn, án kostnaðar við viðbótarverk, borinn saman við áætlunir.

Mælingin er síðan í því fólgin að kanna hversu hátt hlutfall lokinna verka hefur haldist innan 5% viðmiðsins.

Markmiðið er 100% en leyft er 15% frávik fyrir grænt svæði og 35% frávik fyrir gult svæði.


Gefin voru út 5 skilamöt á árinu 2012, af þeim voru 2 innan við 5% frávik eða 40%. Mælikvarðinn er því gulur í skorkorti.



## 4.0 FJÁRMÁL FSR

### 4.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða fjármálaviddarinnar og stöðu hans á árinu 2012. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina. Breyting frá fyrra ári er að felld var niður markmiðið „Vinnustundafjöldi haldið í samræmi við áætlanir“ en það var markmið undir B.2 Halda fjármálum innan ramma áætlana.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2012. Fjármálavidd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

#### 4.1.1 Fjöldi greiddsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd í umsjón FSR

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjölda greiddsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í umsjón FSR. Markmiðið er 100% en leyft er 10% frávik fyrir grænt svæði og 30% frávik fyrir gult svæði.

Fyrri hluta árs voru gerðir 4 verkkaupasamningar um verklegar framkvæmdir þar af 3 með greiddsluáætlun. Það gefur 75% hlutfall og mælikvarði er gulur. Síðari hluta árs voru gerðir 2 verkkaupasamningar og 1 greiddsluáætlun. Það gefur 50% hlutfall og mælikvarði er rauður.

#### 4.1.2 Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjármagnskostnað FSR sem hlutfall af veltu. Venjulega er ekki um fjármagnskostnað að ræða nema að til greiddslu dráttarvaxta komi.

Markmiðið er 0% en mjög stíf krafa er gerð varðandi þetta hlutfall. Leyft er 0,05% frávik fyrir grænt svæði og 0,1% frávik fyrir gult svæði.

Mælikvarðinn er grænn fyrir árið.

#### 4.1.3 Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður einu sinni á ári og sýnir afskrifaðar kröfur FSR sem hlutfall af veltu.



Markmiðið er 0% en leyft er 0,5% frávik fyrir grænt svæði og 2,0% frávik fyrir gult svæði.

Á árinu 2012 voru lagðar 13 m.kr. í afskrifta-sjóð vegna mögulega tapaðra krafna. Ekki er þó um endanlega afskrift á kröfum að ræða og því telst tillag ekki með þegar kemur að mælingu.



Mælikvarðinn er grænn fyrir árið.

#### 4.1.4 Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun

Rekstraráætlun FSR miðar við að stofnunin sé rekin á núlli ár hvert. Verði hagnaður af rekstrinum telst ekki um frávik að ræða í þessu tilliti.

Þessi mælikvarði mælir því eingöngu tap á rekstri. Markmiðið er 0% en leyft er 4,0% frávik fyrir grænt svæði og 10,0% frávik fyrir gult svæði.

Á árinu 2012 var tap á rekstrinum innan við 4% af veltu ársins og mælikvarðinn því grænn. Frekari umfjöllun um samanburð á rauntölum við rekstraráætlun ársins er í kafla 8.



## 5.0 INNRA STARF

### 5.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða víddarinnar um innra starf 2012 og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.

▶	<b>C. Innra starf</b>
▶	C.1. Hafa vel skilgreinda og skjalfesta verkferla
▶	Gæðastjórnunarkerfi FSR verði undirbúið fyrir vottun og fáist vottað á árinu 2012
▶	Gæðastjórnunarkerfi FSR vottað (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2012 (2 af/á)
▶	Að auka innkaup í gegnum rammasamninga
▶	Innkaup rekstrarvara skv. rammasamningum verði amk 80% allra innkaupa (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2012 (90 %)
▶	C.2. Hafa markvissa og áreiðanlega upplýsingamiðlun
▶	Aukin fréttamiðlun á innri vef FSR
▶	Samanlagður fjöldi fréttu á Fréttaveitu og fréttu frá starfsmannafélaginu Auðvitað verði 30 talsins (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2012 (50 af/á)
▶	Allir faghópar fundi reglulega
▶	Fjöldi fundargerða faghópa (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2012 (5 fundir)

Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2012. Vídd um innra starf; yfirmarkmið, markmið og mælikvarðar.

#### 5.1.1 Gæðastjórnunarkerfi FSR vottað

Framkvæmdasýsla ríkisins vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem byggir á alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.

Á árinu 2004 var gerður samningur við Vottun hf. um vottun gæðastjórnunarkerfis FSR. Á árunum 2011 og 2012 var lögð mikil vinna í að bæta verklagsreglur, samhæfa vistun gagna og koma á verklagi í fullu samræmi við gæðastjórnunarstaðalin.

Gæðastjórnunarkerfi FSR var tekið út af Vottun hf. í febrúar 2012 og var gerð eftirúttekt 30. apríl. Um mitt ár 2012 var fenginn ráðgjafi vegna gæðastjórnunar og voru einnig gerðar skipulagsbreytingar innanhúss hjá FSR.

Allt starfsfólk lagði sig fram við að samhæfa verklag og fór svo að gæðastjórnunarkerfi FSR var vottað 30. október 2012 í samræmi við kröfur í stjórnunarstaðlinum ÍST ISO 9001:2008, Gæðastjórnunarkerfi – kröfur.

Mælikvarðinn er grænn.



#### 5.1.2 Að auka innkaup í gegnum rammasamninga

Þessi mælikvarði er nýr. Stefnt var að því að innkaup rekstrarvara skv. rammasamningum verði a.m.k. 80% allra innkaupa.

Ef innkaupin eru 80% eða hærra hlutfall verður mælikvarðinn grænn. Ef innkaupin eru 70-79% verður mælikvarðinn gulur, annars rauður.

Hlutfall innkaupa rekstrarvara skv. rammasamningi var 90%. Mælikvarðinn er grænn.



*Hvað er spurnið  
í opinbera vefi 2011?*  
Úttekt á opinberum vefjum

### 5.1.3 Samanlagður fjöldi fréttu á fréttaveitu og fréttu frá starfsmannafélaginu Auðvitað

Markviss og áreiðanleg upplýsingamiðlun innan stofnunarinnar er mikilvægt markmið til að auka gæði innra starfs hennar. Til að ná því markmiði var stefnt að því að samanlagður fjöldi fréttu af starfi stofnunarinnar á innri fréttaveitu og fréttu af starfi starfsmannafélagsins yrði 30 talsins.

Markmiðið um 30 fréttir gæfi grænan lit, 20-29 fréttir gulan en færri fréttir rauðan. Samanlagður fjöldi fréttu var vel yfir 50 á árinu. Mælikvarði er grænn í skorkorti.

### 5.1.4 Fjöldi fundargerða faghópa á Verkefnavefnum

Á árinu 2012 var eins og fyrri ár gert ráð fyrir vissum fundafjölda hjá hverjum faghópi yfir árið en faghópar innan FSR eru forstjóra til ráðgjafar á viðkomandi sviðum ásamt því sem þeir aðstoða við gerð mælikvarða fyrir Skorkort FSR á sínu sviði.

Til að efla upplýsingamiðlun innan stofnunarinnar var mælikvarði um fjölda fundargerða faghópa á verkefnavef settur upp. Árið 2012 var gert ráð fyrir að faghópar funduðu mánaðarlega tíu mánuði ársins.

Mælikvarði byggir á reiknuðu meðaltali fjölda funda á ári samkvæmt fundargerðum. Markmiðið er 100% eða tíu fundir en leyft frávik þannig að átta fundir gæfu grænt. Fimm fundir skyldu gefa gult svæði en færri rautt.


Niðurstaða talningar í GoPro er að meðalfjöldi faghópsfunda er 5 fundir yfir árið og því rauður litur í skorkorti.



## 6.0 MANNAUÐUR

### 6.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða mannaúsvíddarinnar 2012 og stöðu hvers um sig á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2012. Mannauðsvídd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

#### 6.1.1 Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda

Þessi mælikvarði, sem skoðaður er einu sinni á ári, sýnir fjölda starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda. Mælikvarðinn er grænn ef rætt er við a.m.k. 80% starfsmanna og gulur ef hlutfallið er milli 60 og 80%.

Mikil umskipti urðu frá fyrra ári því 96% starfsmanna (22 af 23) fóru í starfsmannasamtal. Árið 2011 reyndust engin starfsmannasamtöl hafa farið fram.

Mælikvarðinn er grænn fyrir árið 2012.



#### 6.1.2 Fræðslufundur um öryggismál

Til að stuðla að símenntun og efla þekkingu innan stofnunarinnar var ákveðið að halda öryggisfund fyrir lok október þar sem fagaðili yrð fenginn til að halda fyrirlestur og svara spurningum starfsmanna um öryggismál tengd byggingaframkvæmdum.

Mælingin er einföld, grænt svæði fæst fyrir að halda fund fyrir tilskildan tíma annars rautt.

Fundurinn var ekki haldinn. Mælikvarði er rauður fyrir 2012.

#### 6.1.3 Hlutfall starfsmanna sem sótt hefur sér símenntun á árinu

Þessi mælikvarði er skoðaður í lok ársins og mælir hversu margir starfsmen hafa nýtt sér

möguleika til símenntunar en áætlað er fyrir símenntun í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir hvert ár.

Ef 80% starfsmanna eða fleiri nýta sér símenntunarsjóðinn fæst grænn litur, 50-79% gefa gulan en færri rauðan lit. 21 starfsmenn nýttu sér símenntun á árinu.

Það er yfir 80% og því gefa niðurstöður mælinga grænan lit.



#### 6.1.4 Fundir með verkefnastjórum um framkvæmd og eftirfylgni öryggisáætlana

Í samræmi við markmiðið um að viðhalda og efla sérþekkingu innan FSR vildi stofnunin efla og viðhalda þekkingu verkefnastjóra í gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana. Halda skyldi a.m.k. tvo fundi verkefnastjóra á árinu 2012 um framkvæmd og eftirfylgni öryggisáætlana á verkstað.

Mælikvarðinn skyldi skoðaður einu sinni og fæst grænn litur fyrir tvo fundi, gulur fyrir einn fund en rauður ef enginn fundur er haldinn.

Niðurstaðan árið 2012 var því miður eins og árið 2011 þ.e. að mælikvarðinn er rauður þar sem engir fundir voru haldnir.

## 7.0 FRUMKVÆÐI

### 7.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða frumkvæðisvíddarinnar 2012 og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.

E. Frumkvæði	
<ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>E.1. Stuðla að vönduðum undirbúningi framkvæmda</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Aukin gæði þjónustu og hagræðing hjá FSR í vinnslu frumathugana með markvissum og samræmdum vinnubrögðum.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir frumathuganir (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (6 stk.)           </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>Þróun samstarfs við verkkaupa um framkvæmd áætlunargerðar og um innihald og framsetningu ráðgjafasamninga.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum. (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (100 %)           </li> </ul> </li> </ul> </li> </ul> </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>E.2. Stuðla að þróun ráðgjafa- og verktakamarkaðar</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Almennum öryggisreglum sé framfylgt á verkstað</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Öryggisfulltrúi FSR kannar framfylgni öryggisreglna á verkstöðum (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (0 %)           </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>Auka trúverðugleika og nákvæmni kostnaðaráætlana þannig að til séu öruggari upplýsingar til grundvallar á framkvæmdum.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR. (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (100 %)           </li> </ul> </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>Styrkja samstarf um innleiðingu BIM á Íslandi</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Innleiðing BIM. (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> Janúar - Mars (6 fundir)           </li> <li> <input checked="" type="checkbox"/> Apríl - Júní (2 fundir)           </li> <li> <input checked="" type="checkbox"/> Júlí - September (0 fundir)           </li> <li> <input checked="" type="checkbox"/> Október - Desember (0 fundir)           </li> </ul> </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>Fylgja eftir að verktakar skili ÖHU-áætlun fyrir öll verk.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Öryggisfulltrúi gerir úttekt á ÖHU áætlunum (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (1 Fjöldi)           </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>ÖHU áætlanir í verkum (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (92 %)           </li> </ul> </li> </ul> </li> </ul> </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>Áframhaldandi innleiðing gæðastjórnunar í hönnun og verklegum framkvæmdum.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Gæðabókhald hönnuða og verktaka. (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (0 af/á)           </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>Kynning fyrir samstarfsaðilum. (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (0 af/á)           </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>Kynna markmið FSR um slysalaus vinnustaði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Markmið FSR um slysalaus vinnustaði kynnt fyrir SI (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (0 af/á)           </li> </ul> </li> </ul> </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>E.3. Sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Öll útseld verk sem eru yfir 30 milljónum króna fari á Verkefnavefinn.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Fjöldi verka á Verkefnavef. (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (0 %)           </li> </ul> </li> </ul> </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>E.4. Stuðla að gerð og útgáfu viðmiðana.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Aukið hlutfall verkefna með umhverfisstefnu.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Árlegt hlutfall verkefna í umhverfisstærferli (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (0 af/á)           </li> </ul> </li> </ul> </li> <li> <input type="checkbox"/> <b>Sýna frumkvæði í umhverfismálum með því að minnka orkunotkun innan FSR.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input type="checkbox"/> <b>Minnkuð orkunotkun. (Anna Sigríður Guðnadóttir)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li> <input checked="" type="checkbox"/> 2012 (2 Stig)           </li> </ul> </li> </ul> </li> </ul> </li> </ul>	

Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2012. Frumkvæðisvídd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

### 7.1.1 Gerð flæðirit og stöðluð form fyrir frumathuganir

Í samræmi við markmiðið um aukin gæði og hagræðingu í vinnslu frumathugana var ákveðið að á árinu yrðu endurskoðuð stöðluð form og yfirlit yfir þau gögn sem til eru um frumathugun í GoPro, V-drifi og í Rekstrarhandbók, alls sjö verkefni.

Mælikvarðinn er skoðaður einu sinni á árinu. Stefnt var að 100% árangri en fimm leyst verkefni gefa grænan lit, þrjú gefa gulan annars verður mælikvarðinn rauður.

Niðurstaða mælingar ársins var að sex verkefnum var lokið og því er mælikvarðinn grænn.



### 7.1.2 Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum

Markmið FSR er að þróa samstarf við verkkaupa um framkvæmd áætlunargerðar, innihald og framsetningu ráðgjafasamninga. Til að mæla árangur við innleiðingu þess vinnulags eru taldar þær umsagnir sem FSR vinnur yfir árið.

Mælikvarðinn er skoðaður árlega og hafi FSR gert umsagnir í 80% tilvika eða fleiri fæst grænn litur, ef hlutfallið fer niður í 70% fæst gulur litur annars rauður.

Niðurstaða ársins er að hlutfallið er 100% og því er mælikvarðinn grænn.

### 7.1.3 Öryggisfulltrúi FSR kannar framfylgni öryggisreglna á verkstöðum

FSR leggur áherslu á að öryggisreglum sé framfylgt á verkstað til að draga sem mest úr slyshættu. Til að ná því markmiði var áætlað að öryggisfulltrúi FSR heimsækta hvern verkstað einu sinni og skoðaði hvort almennum öryggisreglum væri framfylgt og gæfi umsögn. Heimsókn á 90% eða fleiri verkstaða gefur grænt, 75-89% gefur gult, færri rautt.

Ekki bárust upplýsingar frá öryggisfulltrúa. Það gerir rauðan lit í skorkorti ársins.



### 7.1.4 Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR

FSR telur mikilvægt að auka trúverðugleika og nákvæmni kostnaðaráætlana þannig að það séu til öruggari upplýsingar um grundvallarframkvæmdir, slíkt er meðal annars gert með því að viðhalda og þróa kostnaðarbanka FSR. Mælikvarðinn er skoðaður einu sinni á ári og er hlutfall verka sem hafa verið uppfærð í kostnaðarbänkann. Stefnt er að 100% árangri en leyfð 5% frávik fyrir grænt svæði og 15% fyrir gult.

Niðurstaða mælingar ársins 2012 er 100% árangur og fær mælikvarðinn því grænan lit.



### 7.1.5 Innleiðing BIM

Innleiðing BIM á Íslandi er mikið átaksverkefni sem FSR hefur leitt til þessa. Til að fylgjast með árangri við innleiðingu var talinn fjöldi funda BIM Ísland sem FSR tekur þátt í. Gert var ráð fyrir sex fundum ársfjórðungslega, fimm fundir gæfu græna mælingu, þrjár gæfu gula en færri rauða.

Mæling leiðir í ljós að sex fundir voru haldnir á fyrsta ársfjórðungi og er því mælikvarðinn þar grænn. Tveir fundir voru haldnir á tímabilinu apríl, maí og júní en við það verður mælikvarðinn rauður. Engir fundir eru skráðir síðari hluta árs og er því mælikvarðinn þar einnig rauður.

### 7.1.6 Öryggisfulltrúi gerir úttekt á ÖHU áætlunum

FSR leggur áherslu á að ÖHU áætlanir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru. Mælikvarðinn gerði ráð fyrir að öryggisfulltrúi FSR kallaði inn af handahófi a.m.k. 3 ÖHU áætlanir í ólíkum verkum, færi yfir þær og gerði athugasemdir og/eða gæfi ábendingar um það sem betur mætti fara. Fyrir þrjár yfirfarnar áætlanir fengist grænn litur, gulur fyrir tvær áætlanir annars rauður.

Ekki bárust upplýsingar frá öryggisfulltrúa. Það gerir rauðan lit í skorkort ársins.

### 7.1.7 ÖHU áætlanir í verkum

FSR tekur þátt í innleiðingu og þróun öryggisheilbrigðis- og umhverfismála (vinnuumhverfi) í íslenskum byggingariðnaði. Stefnt er að því að ofangreindar áætlanir séu gerðar í öllum verkum. Stefnt er að því að auka samstarf við aðra verkkaupa á þessu sviði sem og Vinnu-málastofnun.

Mælikvarðinn gerir ráð fyrir að verkefnastjórar gefi yfirlit um verk sem þeir eru ábyrgir fyrir og hvort verktaki hafi skilað ÖHU áætlun. Mælikvarðinn er skoðaður árlega og er stefnt að 100% árangri. Leyft er þó 10% frávik fyrir grænt svæði og 20% fyrir gult.

Niðurstaða mælingar ársins er að ÖHU áætlanir voru gerðar í 12 verkum af 13 og því er mælikvarðinn grænn.

### 7.1.8 Gæðabókhald hönnuða og verktaka

Hönnuðir og verktakar eiga, í verkum sem FSR hefur umsjón með, að skila í upphafi verkefnis svonefndri verkmöppu gæðakerfis. Á árinu 2012 átti að halda áfram að koma þessu kerfi í eðlilegan farveg þannig að verkmöppurnar verði lifandi gögn á verkstað. Áætlað var að funda sérstaklega um málefnið til að yfirfara stefnu FSR um hvernig megi auka gæði í hönnun og framkvæmd verklegra framkvæmda.

Mælikvarðinn er einfaldlega grænn ef fundur er haldinn en annars rauður.

Fundurinn var ekki haldinn og er því niðurstaðan rauður litur í skorkorti.



### 7.1.9 Kynning fyrir samstarfsaðilum.

Frá árinu 2003 hafa verið gerðar kröfur í útboðsverkum á vegum FSR um að verktakar vinni í anda gæðastjórnunar. Mjög misjafnt er hvernig verktökum hefur tekist að uppfylla þessar kröfur, en mikið hefur þó áunnist á síðastliðnum árum. Til að uppfylla það markmið að innleiða gæðastjórnun í hönnun og verklegum framkvæmdum var áætlað að Samtökum iðnaðarins yrði ritað bréf í þeim tilgangi að auka vitund verktaka um kröfur FSR til gæðastjórnunar.

Mælikvarðinn yrði grænn ef bréfið yrði sent en annars rauður.

Niðurstaða ársins er að bréfið var ekki sent og því er mælikvarðinn rauður í skorkorti ársins.



### 7.1.10 Markmið FSR um slysalausa vinnustaði kynnt fyrir SI.

FSR stefnir að því með markvissum hætti að allir vinnustaðir í verkum sem FSR hefur umsjón og eftirlit með verði slysalausir. Mælikvarðinn er að SI verði sent bréf sem kynni markmið FSR um slysalausa vinnustaði sem óskað verði eftir að SI sendi áfram til allra meðlima SI.


Mælikvarðinn er skoðaður árlega og gefur útsent bréf grænt svæði annars rautt.

Bréfið var ekki sent árið 2012 svo niðurstaða ársins er rauður mælikvarði.

### 7.1.11 Fjöldi verka á Verkefnavef

Öll útseld verk, yfir 30 milljónum, sem FSR hefur umsjón með eiga að vera vistuð á Verkefnavef. Þessum mælikvarða er ætlað að bera saman fjölda virkra verka á vefnum og fjölda virkra verka í verkþókhaldi sem fara yfir 30 milljónir króna. Mælingin fer fram einu sinni á ári og er stefnt að 100% árangri. Leyfð eru þó 10% frávik fyrir grænt svæði og 20% fyrir gult.

Þess atriði voru ekki mæld árið 2012. Mælikvarðinn er því rauður.



### 7.1.12 Árlegt hlutfall verkefna í umhverfivottunarferli

FSR stefndi að því á árinu að sýna frumkvæði í því að koma byggingaverkefnum á hennar vegum í gegnum umhverfivottunarferli.

Mælikvarðinn ber saman fjölda verka í umhverfivottunarferli milli árana 2011 og 2012. Óbreytt hlutfall gefur gulan lit, hærra hlutfall grænan en minnkað hlutfall rauðan..

Niðurstaða ársins er lækkað hlutfall, en 2011 það 6% (2 af 34) en árið 2012 3,75% (1 af 28). Mælikvarðinn er því rauður.

### 7.1.13 Minnkuð orkunotkun

Framkvæmdasýslan ætlaði að sýna frumkvæði í umhverfismálum með því að minnka orkunotkun innan FSR á árinu 2012 miðað við árið 2011.

Mælingin er árleg innkaup orku á hvern starfsmann miðað við árið áður. Minni innkaup á orku árið 2012 miðað við 2011 gefa grænt svæði, óbreytt innkaup á orku gefa gult og meiri innkaup orku gefa rautt.

Niðurstaða mælingar fyrir árið 2012 er að orkuinnkaup FSR minnkuðu um 1% á árinu og næst því grænn litur á mælikvarðann.

## 8.0 Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2012

Hér að neðan má sjá samanburð rauntalna við rekstraráætlun Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2012. Í köflum 8.1 til 8.10 verður fjallað nánar um hvern greiðslulið.

	Rauntölur	Áætlun	Frávik	%
<b>01 Laun</b>	<b>182.331.410</b>	<b>164.135.253</b>	<b>-18.196.157</b>	<b>-11,1%</b>
011 Dagvinna	130.159.363	119.253.759	-10.905.604	-9,1%
013 Aukagreiðslur	3.018.740	1.711.710	-1.307.030	-76,4%
014 Yfirvinna	14.268.300	11.380.325	-2.887.975	-25,4%
015 Launatengd gjöld	34.885.007	31.789.459	-3.095.548	-9,7%
<b>02 Ferðir og fundir</b>	<b>14.688.863</b>	<b>18.500.000</b>	<b>3.811.137</b>	<b>20,6%</b>
021 Ferða og dvalarkostnaður innanlands	3.361.925	2.500.000	-861.925	-34,5%
022 Ferða og dvalarkostnaður erlendis	3.499.053	7.000.000	3.500.947	50,0%
023 Fundir, námskeið og risna	3.192.080	4.000.000	807.920	20,2%
024 Akstur	4.635.805	5.000.000	364.195	7,3%
<b>03 Rekstrarvörur</b>	<b>4.278.069</b>	<b>4.400.000</b>	<b>121.931</b>	<b>2,8%</b>
031 Tímarit, blöð og bækur	598.457	400.000	-198.457	-49,6%
032 Skrifstofuvörur og áhöld	1.740.198	2.000.000	259.802	13,0%
033 Aðrar vörur	1.939.414	2.000.000	60.586	3,0%
<b>04 Aðkeypt þjónusta</b>	<b>32.113.727</b>	<b>30.500.000</b>	<b>-1.613.727</b>	<b>-5,3%</b>
041 Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	7.666.582	8.500.000	833.418	9,8%
042 Önnur sérfræðipjónusta	13.849.144	12.000.000	-1.849.144	-15,4%
043 Sími og ýmis leigugjöld	9.435.247	8.500.000	-935.247	-11,0%
044 Prentun,póstur, augl., flutningar	1.162.754	1.500.000	337.246	22,5%
<b>05 Húsnæði</b>	<b>8.806.517</b>	<b>7.800.000</b>	<b>-1.006.517</b>	<b>-12,9%</b>
051 Húsaleiga og aðk. ræsting	8.502.871	7.500.000	-1.002.871	-13,4%
052 Rafmagn og heitt vatn	303.646	300.000	-3.646	-1,2%
<b>06 Bifreiðar og vélar</b>	<b>422.780</b>	<b>400.000</b>	<b>-22.780</b>	<b>-5,7%</b>
062 Brensluefni og oliur	348.215	250.000	-98.215	-39,3%
063 Tryggingar og skattar	74.565	150.000	75.435	50,3%
<b>07 Rekstrarkostnaður</b>	<b>18.536.951</b>	<b>2.500.000</b>	<b>-16.036.951</b>	<b>-641,5%</b>
071 Vextir, bætur, skattar	13.312.259	0	-13.312.259	
072 Eignakaup	4.562.392	2.000.000	-2.562.392	-128,1%
073 Tilfærslur	662.300	500.000	-162.300	-32,5%
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>261.178.317</b>	<b>228.235.253</b>	<b>-32.943.064</b>	<b>-14,4%</b>
<b>08 Sértekjur</b>	<b>-253.312.385</b>	<b>-228.400.000</b>	<b>24.912.385</b>	<b>-10,9%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða neikvæð</b>	<b>7.865.932</b>	<b>-164.747</b>	<b>-8.030.679</b>	

### 8.1 Laun

Launagjöld eru stærsti útgjaldaliður stofnunarinnar og eru jafnan í kringum 70% af heildarútgjöldum. Launagjöld hækkuðu á milli ára um sem nemur 16,7 m.kr. eða 10%.

Í kjölfar þess að árið 2011 kom ekki fjárhagslega vel út hjá FSR voru gerðar skipulags- og

mannabreytingar hjá stofnuninni. Gripið var til þess ráðs að auka hlutfall þeirra starfsmanna sem selja sína þjónustu til viðskiptavina FSR og minnka hlutfall þeirra sem sjá um stoðþjónustu.

Störf upplýsingastjóra og gjaldkera voru lögð niður. Anna Sigríður Guðnadóttir upplýsingastjóri sagði starfi sínu lausu frá og með 30. apríl og Guðbjörg Bjarnadóttir gjaldkeri lét

einnig af störfum í lok apríl. Helga Liv Óttarsdóttir fjármálastjóri sagði starfi sínu lausu í lok árs 2012.

Nokkrir verkefnastjórar hófu störf hjá FSR á árinu. Þetta eru þau Ívar Már Markússon, Þorvaldur Stefán Jónsson og Bjargey Björgvinsdóttir.

Skipulagsbreytingar voru gerðar í lok sumars og var Halldóra Vífilsdóttir ráðin aðstoðarforstjóri og Bergljót S. Einarsdóttir tók við starfi gæðastjóra af Karli Ásmundssyni sem lét af störfum.

Þá hækkuðu laun á árinu 2012 um 3,5% frá 1. mars. Auk þessa voru greiddir kaupaukar sem nemur 20 tímum á starfsmann í 100% starfi 1. nóvember.

## 8.2 Ferðir og fundir

Ferðakostnaður innanlands samanstendur af ferðum stjórnenda FSR á fundi eða opnanir mannvirkja úti á landi. Þessi liður var 4 m.kr. undir áætlun. Kostnaður við akstur er skráður undir þessum lið og skráður á verk þannig að tekjur koma á móti. Kostnaðarliðurinn hefur því ekki bein áhrif á rekstrarafkomu FSR.

## 8.3 Almennar rekstrarvörur

Almennar rekstrarvörur eru ekki stór hluti af gjöldum FSR og var í samræmi við áætlun ársins sem og í takt við útgjöld fyrra árs.

## 8.4 Aðkeypt þjónusta

Þjónustugjöld eru einn stærsti gjaldaliður FSR og nema í kringum 12 til 15% af heildarútgjöldum. Aðkeypt þjónusta fór lítilliga yfir áætlun eða sem nemur 5%. Aðkeypt þjónusta lækkaði hins vegar frá fyrra ári um 2%.

## 8.5 Húsnæði

Framkvæmdasýsla ríkisins er til húsa í Borgartúni 7A. Kostnaður vegna húsnæðis fór 13% fram úr áætlun. Taxi á húsaleigu hækkaði um rúm 11% á milli ára. Þá hækkaði húsnæðiskostnaður vegna starfsstöðvar úti á landi rúm 400 þús.kr.

## 8.6 Bifreiðar og vélar

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur eina bifreið á rekstrarleigu. Rekstrarliður var í samræmi við áætlun.

## 8.7 Vextir, skattar og afskriftir

Á árinu var fært tillag í afskriftasjóð að fjárhæð 13 m.kr. til að mæta mögulegum afskriftum á

töpuðum kröfum. Ekki var gert ráð fyrir þessu tillagi við gerð áætlunar ársins.

## 8.8 Eignakaup

Eignakaup urðu nokkru meiri á árinu en gert hafði verið ráð fyrir og skýrist það að mestu af endurnýjun á tölvubúnaði og öðrum búnaði sem í sparnaðarskyni hefur undanfarin ár setið á hakanum.

## 8.9 Tekjur

Tekjur Framkvæmdasýslunnar voru um 253 milljónir króna á árinu 2012 sem er um 11% herra en áætlað hafið verið fyrir. Engin framlög voru til stofnunarinnar á fjárlögum.

## 8.10 Niðurstaða ársins

Rekstrarútgjöld Framkvæmdasýslu ríkisins árið 2012 fóru rúm 14% fram úr áætlun. Á móti voru rekstrartekjur 11% hærri en ráð var fyrir gert. Rekstrarafkoma var því neikvæð um sem nemur 7,8 m.kr. Rekstraráætlun hafði gert ráð fyrir að rekstur yrði í járnnum. Sé horft fram hjá tillagi stofnunarinnar í afskriftasjóð á árinu er reksturinn að skila afgangi að fjárhæð 5,2 m.kr.

Það er von höfunda að skýrsla þessi gefi lesendum gott yfirlit yfir starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins á árinu 2012.

Reykjavík, 30. maí 2013.



Óskar Valdimarsson, forstjóri